



Starfsáætlun 2019 – 2020

Leikskólinn Kópahvoll

Halla Ösp Hallsdóttir

Efnisyfirlit starfsáætlun

1 Inngangur	4
2 Um leikskólann.....	4
2.1 Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými.....	4
2.2 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur og skipulag	4
3 Starfsáætlun næsta leikskólaárs	4
3.1 Leikskólastarfið	4
3.2.1 Læsi og samskipti	4
3.2.2 Heilbrigði og vellíðan	5
3.2.3 Sköpun og menning	5
3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir	6
3.3 Þróunar- og nýbreytnistarf	7
4 Starfsmenn.....	8
4.1 Starfsmannastefna.....	8
4.2 Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannasamtöl og móttaka nýrra starfsmanna. 8	
4.2.1 Áherslur í samstarfi	8
4.2.2 Starfsmenn.....	8
4.2.3 Fundir	8
4.2.4 Skipulagsdagar	9
4.2.5 Endur- og símenntun starfsfólks	9
4.2.6 Samsetning starfsmannahópsins	Error! Bookmark not defined.
4.2.10 Þátttaka í rannsóknum.....	9
5 Börn.....	9
5.1 Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift	9
5.2 Sérkennsla.....	9
6 Foreldrasamstarf.....	10
6.1 Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs.....	10
6.2 Foreldraráð	10
6.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu.....	10
6.4 Fræðsla og upplýsingar til foreldra	10
6.5 Foreldrafélag.....	10
7 Samstarf	11
7.1 Samstarf við grunnskóla.....	11
7.2 Samstarf við aðra	11

7.3 Nemar	11
8 Mat.....	11
8.1 Matsaðferðir	11
8.2 Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður.....	12
8.3 Mat á starfsáætlun síðastliðins starfsárs og niðurstöður	12
8.4 Umbótaáætlun.....	12
9 Öryggismál	13
9.1 Öryggisnefnd.....	13
9.2 Áfallaráð.....	13
9.3 Innra eftirlit.....	13
9.4 Slys	13
10 Lokaorð	14

1 Inngangur

Leikskólastigið er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar barna, og er einn sá mikilvægasti tími í námi og þroska einstaklingsins. Í samstarfi við foreldra leggur leikskólinn áherslu á að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Einn af hornsteinum leikskólastarfs er sýnin á barnið, talað er um hið rannsakandi barn sem reynir að skilja tilgang lífsins, spyr spurninga og leitar svara. Að barn búi yfir þeim hæfileika að geta tjáð sig og hafi getu til að skapa sinn eigin persónuleika frá upphafi. Mikilvægt er að sjá kosti, styrk og hæfileika hvers barns og veita því fjölbreytta möguleika.

Á [heimasíðu leikskólans](#) er að finna helstu upplýsingar um starf leikskólans Kópahvols.

2 Um leikskólann

2.1 Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Kópahvoll er fjöggra deilda leikskóli, húsnæði hans er 538 m² og flatarmál lóðar 2352 m². Í leikskólanum eru 74 börn á aldrinum 1-5 ára og er hann opinn frá 7:30 – 16:30 alla virka daga. Á Spóadeild og Lóudeild dvelja börn á aldrinum 1 til 3 ára og á Ugludeild og Krummadeild dvelja börn á aldrinum 3 til 5 ára. Einhverjar breytingar geta orðið á aldri barna á deildum þar sem árgangar geta verið mismunandi. Áætlað er að um 20 börn á þremur elstu deildunum en 14 börn á þeirri yngstu.

Breytingar á húsnæði Kópahvols á síðasta ári hafa verið þó nokkrar. Í júní 2019 voru gerðar breytingar á Ugludeild, eldri hillur fjarlægðar og nýjar hillur og skúffuskápur sett inn í staðin og deildin máluð. Sett var upp nýtt salerni á starfsmannasalerni, nokkrar breytingar voru gerðar á eldhúsi. Eldavél var minnkuð í tvær hellur og ofn færður til. Vaskur var fjarlægður og sett nýtt borð með vask inn í eldhúsið. Með þessu er verið að reyna gera meira rými í eldhúsinu sem er mjög lítið.

2.2 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur og skipulag

Við í Kópahvoli störfum samkvæmt lögum um leikskóla og aðalnámskrá. Einnig störfum við eftir námskrá leikskóla Kópavogsbæjar sem gefin var út árið 2011 og má lesa [hér](#). Í vinnslu er skólanámskrá Kópahvols og bindum við vonir um að hún verði gefin út á fimmtíu ára afmæli skólans árið 2020. Verið er að innleiða hugmyndafræðina Uppeldi til ábyrgðar í Kópahvoli og heldur sú vinna áfram.

3 Starfsáætlun næsta leikskólaárs

3.1 Leikskólastarfið

Lögð er áhersla á að efla hugmyndafræðina uppeldi til ábyrgðar, snemmtæka íhlutun og læsi. Unnið er markvisst að þessum þáttum með ýmsum leiðum. Leitast er við að veita öllum börnum þá aðstoð sem þurfa þykir.

3.1.1 Læsi og samskipti

Árið 2017 fór Kópavogsbær af stað með þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun og mun Kópahvoll verða þátttakandi í því verkefni veturinn 2018 til 2020.

Þróunarverkefnið Þrír stafir er samvinnuverkefni með Kópavogsskóla, Skólatröð og Kópahvoli. Verkefnið fór af stað haustið 2018 og stendur yfir í tvö ár. Markmiðið er að brúa bilið á milli leikskóla og grunnskóla. Horft er til læsis og hvernig skólarnir geta samnýtt þekkingu sína.

Áfram verða flestar stundir dagsins nýttar til málörvunar og markvisst boðið upp á leiki og verkefni sem örva hljóðkerfis- og málvitund barnanna. Haldið verður áfram að vinna með Lubbi finnur málbein. Hljóm 2 verður tekið á öllum elstu börnunum. TRAS er lagt fyrir öll börn frá tveggja ára aldri. TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. EF12 er lagt fyrir öll börn á fjórða ári.

Unnið verður áfram með Vináttu verkefni Barnaheilla með börn á aldrinum 3 – 6 ára. Byrjað verður að vinna með vináttu verkefni Barnaheilla fyrir 1- 3 ára. Nú þegar hafa tveir kennarar farið á námskeið og búið er að fjárfesta í tösku.

Í nóvember mánuði ár hvert er læsisátak og hafa börn og foreldrar verið hvattir til þess að vera dugleg að lesa og rýna í bækur. Börn og foreldrar fá bækur lánaðar heim frá bókasafni Kópavogs með milligöngu leikskólans. Búin er til bókaormur inn á hverri deild sem stækkar eftir því sem börnin lesa fleiri bækur. Í lok átaksins gefur foreldrafélagið hverju barni bók að gjöf.

Börn úr Kópavogsskóla koma á Degi íslenskrar tungu 15. nóvember og lesa fyrir börnin í Kópahvoli. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi við Kópavogsskóla þar sem hann er hverfisskólinn okkar.

3.1.2 Heilbrigði og vellíðan

Áhersla er lögð á að börnin finni til öryggis og líði vel í leikskólanum. Börnin fara að lágmarki einu sinni í útiveru á dag, þar sem mjög mikilvægt er fyrir börnin að njóta ferska loftsins og fjölbreytileikans í umhverfinu.

Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir. Í útiveru komast börn í snertingu við náttúruna, þau skynja nánasta umhverfi sitt og læra að meta það. Utan dyra geta börnin leyft sér ærslaleiki, hróp og köll. Þar geta þau hlaupið, hoppað, stokkið og klifrað. Leikvellir leikskóla eiga að vera vel fallnir til alls konar hreyfileikja, bæði sjálfsprottinna og skipulagðra.

Lögð er áhersla á að börnin fái hollan og góðan mat í leikskólanum og byggist matseðillinn á matseðli frá Heilsuleikskólum þar sem næringargildi í matnum er reiknað út með þarfir barnanna í huga. Allar deildir nýta sér salinn í hreyfingu og er fyrirkomulagið þannig að Krummadeild og Ugludeild eiga hvor sinn dag, Lóudeild fyrir hádegi tvisvar í viku og Spóadeild eftir hádegi tvisvar í viku. Hann er nýttur í ýmsa hreyfingu og leiki með börnunum.

Einn hjóladagur er á ári og er hann í júní hvert ár. Eldri börnin hjóla á göngustígnum á Víghólnum og út í Álfhólsskóla en yngri börnin hjóla í garðinum.

Hvöld er mikilvæg fyrir vellíðan barna og var hvöld á öllum deildum eftir hádegismat. Hvíldarstundirnar eru nokkuð misjafnar eftir deildum. Á yngstu deildinni eru börnin enn að sofa og leggjast þau niður við róandi tónlist og sofna. Á eldri deildunum er ýmist farið í yoga, lesið, hlustað á rólega tónlist eða sögu.

3.1.3 Sköpun og menning

Lögð er áhersla á skapandi starf á öllum deildum þar sem börnin unnið er að fjölbreyttum verkefnum. Mikið er sungið á öllum deildum og lögin tengjast oft á tíðum árstíðunum sem og þeirri vinnu sem fram fer hverju sinni í leikskólanum. Söngstundir eru aðra hverja viku á

föstudags-morgnum í sal leikskólans. Þar koma saman öll börn og kennarar Kópavols og eiga góða stund við söng og leik.

Ýmsar skemmtilegar hefðir og hátíðir eru viðhafðar í leikskólanum þar sem börnin eru virkir þátttakendur og móta þar með menningu skólans. Má þar nefna:

- Jósías drengurinn sem Kópavoll styrkir á vegum SOS Barnaþorpanna á afmæli 5. október. Haldið verður upp á afmælið með einhverjum hætti.
- Undan farin ár hefur verið farið í kirkjuferð í leikskólanum Kópavoli. Ákveðið hefur verið að breyta þessari hefð en ekki er búið að taka endanlega ákvörðun hvernig þessu verður háttað.
- Jólaglóð er haldin sama dag og kirkjuferðin og þá er foreldrum boðið í heimsókn í leikskólann og boðið upp á heitt súkkulaði og piparkökur sem börnin hafa bakað.
- Jólball er haldið í desember ár hvert á sama degi og boðið er upp á jólamat.
- Álfaball leikskólans er ávallt haldið í kringum þrettándann og þá eru jólin kvödd.
- Stærðfræðivika er 3 – 6. febrúar.
- Útistöðvar eru ávallt í boði einu sinni í viku yfir sumartímann. Deildarnar skiptast á að bjóða upp á mismunandi leikefni í útiveru.
- Lagt er upp með að nýta sér nánasta umhverfi okkar svo sem Gerðarsafn, Bókasafn Kópavogs og Náttúrufræðistofa Kópavogs. Þessir staðir eru tilvaldir í vettvangsferðir þar sem stutt er að fara og margt að skoða og uppgötva.

3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir

Afmælis dagar: Á öllum deildum búa börnin sjálf til afmælis kórónu. Afmælis barnið fær síðan að velja sér afmælis disk og glas fyrir matartímann, sungin er afmælis söngurinn fyrir barnið í samverustund.

Foreldrafundur er haldin ár hvert í september þar sem kynning fer fram á starfi vetrarins.

Alþjóðavika er haldin í október þar sem lögð verður áhersla á að kynna mismunandi menningarheimum.

Bangsadagur er haldin í tengslum við alþjóðlega bangsadaginn 27. október, þar sem börn og starfsmenn mæta í náttfötum og með bangsa.

Baráttudagur gegn einelti er haldin 8. nóvember. Börn frá Kópavogsskóla koma og sækja elstu börnin og gengið verður að íþróttahúsi þar sem hátíðardagskrá fer fram.

Lestrarvikur eru haldnar tveimur vikum fyrir dag íslenskrar tungu sem er 16. nóvember.

Dagur íslenskrar tungu – börn úr Kópavogsskóla koma og lesa fyrir börnin og þeim síðan boðið upp á piparkökur og kakó á kaffistofunni.

Piparkökubakstur er í síðustu viku fyrir aðventu.

Foreldrafélagið býður upp á jólaleikrit á aðventunni.

Jólaglóð er ávallt haldin í byrjun desember þar sem foreldrum er boðið í heimsókn í leikskólann í piparkökur sem börnin bakað og heitt súkkulaði.

Farið verður með elstu börn leikskólans í heimsókn í Sívertsenhúsið í desember.

Jólball er haldinn um miðjan desember. Boðið er upp á jólamat sama dag.

Álfaball leikskólans er haldið á þrettándanum þar sem við kveðjum jólin. Öll börn og kennarar koma saman í sal skólans og klæðast álfaskikkjum og dansa í kringum jólatréð.

Bóndadagskaffi er haldið í tengslum við bóndadaginn þá bjóðum við karlkyns ættingjum í morgunkaffi í leikskólann.

Stærðfræðivika er haldin fyrstu heilu vikuna í febrúar, þar sem lögð er sérstök áhersla á tölur, form og fleira tengt stærðfræði.

Á degi leikskólans er farið upp á holt í morgunsárið og hver deild leitar að sínum „fugl“. Kveikt er upp í eldstæðinu og sungin nokkur lög og allir fá kex að maula yfir varðeldinum.

Bolludagur, boðið er upp á fiski-/kjötbollur í hádegismat og rjómabollur í kaffitíma.

Sprengidagur, boðið er upp á saltkjöt og baunir í hádegismat.

Öskudagur, haldið er furðufataball og kötturinn sleginn úr tunnunni.

Konudagskaffi er haldið í tengslum við konudagsdaginn, bjóðum við kvenkyns ættingjum í morgunkaffi í leikskólann.

Alþjóðlegi Downs dagurinn er þann 21. mars. Í tilefni dagsins mæta allir í skemmtilegum skrautlegum sokkum í leikskólann.

Blár dagur er haldin árlega þann 2. apríl í tengslum við dag einhverfunar.

Í tilefni af afmæli leikskólans er opið hús þann 11. maí, þá er foreldrum og öðrum gestum boðið að koma og skoða afrakstur vetrarins. Á þessu starfsári verður leikskólinn 50 ára, því verður fagnað.

Útskrift elstu barnanna og útskriftarferð er fyrirhuguð í maí/júní

Hjóladaður er í júní – þá geta börnin komið með hjól/sparkbíla/hlaupajól eða jafnvægishjól í leikskólann

Frá og með byrjun júní eru útistöðvar í boði á miðvikudögum fyrir hádegi.

Allan veturinn er flæði annan hvern föstudag og söngstund í sal föstudaginn á móti. Fyrirkomulagið mun ekki alltaf ná öðrum hverjum föstudegi þar sem hlé verður tekið í desember og stundum þurfum við að hliðra til vegna annarra viðburða.

3.3 Þróunar- og nýbreytnistarf

Stefnt er á að vera með markvissar tónlistastundir frá áramótum þar sem við erum með tónlistakennara í húsi.

Lóudeild mun fara markvisst í að vinna meira með verðlausan efnivið og verður reynt að draga úr tilbúnum leikföngum.

Lagt verður upp með að nýta rými betur með því að vera með barnahópana tvískipta á deildunum. Þar að segja helmingur barnahóps úti og helmingur inni í einu. Þá er verið að nýta bæði húsnaði og útisvæði betur og börnin hafa meira svigrúm.

Unnið er að þróunarverkefni í samstarfi við Kópavogsskóla og Skólatröð, þar sem áherslan er á læsi og samvinnu á milli skólastigana.

Komandi vetur munum við vera með verkefnastjóra sem mun sjá um þróunarverkefni sem stendur yfir í tvö ár og kallast Snemmtæk íhlutun. Markmið verkefnisins er að öll börn í leikskólum Kópavogs nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti og undirbúning hvað varðar lestur. Stefnt er á að þessi undirbúningur í leikskólunum skili börnunum betur undirbúning inn í fyrsta bekk grunnskóla og að unnið sé í anda heildstæðrar skólustefnu.

Starfsfólk heldur áfram að kynna sér hugmyndafræðina uppeldi til ábyrgðar.

4 Starfsmenn

4.1 Starfsmannastefna

Leikskólinn er uppeldis- og menntastofnun og forsenda góðs leikskólustarfs er að starfsmenn hafi sameiginlega sýn á starfið. Viðhorf starfsmanna til starfsins, samstarfsmanna, foreldra og barnanna skiptir höfuðmáli. Það má líkja leikskólustarfinu við keðju, þar sem allir hlekkir eru jafn mikilvægir. Jákvætt hugarfar og virðing fyrir vinnufélögum er ávísun á farsæla samvinnu. Lögð er áhersla á opin skoðanaskipti og að allir starfsmenn beri sameiginlega ábyrgð á góðum starfsanda í leikskólanum.

4.2 Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannasamtöl og móttaka nýrra starfsmanna

Fyrirhugað er að deildarstjórar hittist reglulega í handleiðslu sín á milli sem og aðstoðarleikskólastjóri sækir handleiðslu með öðrum aðstoðarleikskólastjórum í Kópavogi. Leikskólastjóri sækir einnig handleiðslu með öðrum leikskólastjórum í Kópavogi.

Leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri munu taka starfsmannasamtöl við alla starfsmenn leikskólans í febrúar/mars. Fyrirhugað er að útbúa einfalda handbók um móttöku nýrra starfsmanna.

4.2.1 Áherslur í samstarfi

Í leikskólanum Kópahvoli er lögð áhersla á gott samstarf og virðingu á milli starfsfólks. Lagt er upp með að leikskólinn sé ein heild og hvatt til samstarfs á milli deilda. Vilji er fyrir því að nýta mannauðinn í starfsmannahópnum og veita hverjum og einum starfsmanni tækifæri til að nota hæfni sína, auka við þekkingu og vaxa í starfi. Það er gert með því að bjóða upp á ýmskonar fræðslu og hvatningu til starfsþróunar t.d með því að sækja námskeið/skóla.

4.2.2 Starfsmenn

Næsta skólaár verða grunnstöðugildi á deildum með afleysingu áætlaðar í 19,73 stöður. Einn sérkennslustjóri er starfandi í leikskólanum í 50% stöðu. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru í heilum stöðum og í eldhúsi er 1,75% stöður.

Leikskólaárið 2019-2020 munu starfa í Kópahvoli auk stjórnenda þrjú leikskólakennarar með deildarstjórn, þrjú leikskólakennarar, einn tónlistakennari tveir aðstoðarleikskólakennarar með deildastjórn, einn sjúkrapjálfi, einn leikskólaliði og starfsmenn. Starfsmenn eru með ýmsa menntun, svo sem stúdentspróf.

4.2.3 Fundir

Á skólaárinu er áætlað að halda að minnsta kosti tvo starfsmannafundi og tvo fagfundir eftir vinnu tíma. Stjórnendafundir eru skipulagðir einu sinni í viku á mánudögum, þessa fundi sitja: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar, sérkennslustjóri. Deildarfundir eru skipulagðir einu sinni í mánuði fyrir Krummadeild, Spóadeild og Ugludeild á föstudögum kl: 10 - 11. Lóudeild fundar tvisvar í mánuði á fimmtudögum kl: 13 – 13:30. Sérkennslufundir eru einu

sinni í mánuði á föstudögum kl: 10 – 11, þá fundi sitja sérkennslustjóri og þeir starfsmenn sem eru með stuðning og sinna sérkennslu.

Ávallt hefst dagurinn í Kópahvoli á því að deildarstjórar, leikskólastjóri, sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri hittast fyrir framan skipulagstöflu sem hangir á starfsmanna gangi og þar er farið yfir skipulag dagsins. Fundirnir standa í um 5 – 10 mín og eru þar teknar ákvarðanir ef þarf að lána starfsmenn milli deilda vegna veikinda eða annarra fjarvista starfsfólks. Öllum starfsmönnun er boðið starfsmannasamtal árlega. Tilgangurinn er m.a. að ræða starfsþróun, frammistöðu og færni. Leikskólastjóri og aðstoðarstjóri taka þessi samtöl við starfsfólkið.

4.2.4 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru 5 talsins á árinu og verða nýttir í fræðslu og uppbyggingu starfsins. Dagarnir nýtast t.d í undirbúnings- og skipulagsvinnu, símenntun, endurmat og hópefli. Þrjú af fimm dögum eru ákveðin í samráði við aðra leik- og grunnskóla í hverfinu. Skipulagsdagar skólaársins 2019 – 2020 verða sem hér segir: 20. september, 21. nóvember, 7. febrúar, 23. mars, 22. maí.

4.2.5 Endur- og símenntun starfsfólks

Samkvæmt sí- og endurmenntun þurfa starfsmenn að sækja 15 klukkustunda símenntun ár hvert. Síðast-liðið skólaár voru starfsmenn duglegir við að sækja fyrirlestra og námskeið. Boðið var upp á fjölbreytt kraganámskeið sem starfsfólk var duglegt að nýta sér sem og endurmenntun HÍ, námskeið hjá Barnaheill og fleira. Skipulagsdagar voru einnig nýttir í endurmenntun þar sem fengin voru fyrirlesarar og unnið að starfi skólans.

4.2.6 Þátttaka í rannsóknum

Kópahvoll tekur þátt í rannsókn Umhverfisstofnunar á umfangi matarsóunar á Íslandi.

5 Börn

5.1 Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift

Í haust er fyrirhugað að byrji 26 börn í Kópahvoli. Mikil ánægja var með þátttöku aðlögunina haustið 2017 og því ákveðið að hafa sama fyrirkomulag á aðlögun í ár. Á Lóudeild byrja 12 ný börn og verður aðlögun skipt í tvo hópa. Aðlögunin er áætluð í fimm daga en þó er farið eftir þörfum og þroska hvers barns fyrir sig. Aðlögun hefst á mánudegi 12. ágúst og er að öllu jöfnu lokið á föstudegi. Þar sem um þátttöku aðlögun er að ræða og því mörg börn tekin inn á sama tíma þykir nauðsynlegt að láta líða að minnsta kosti eina viku á milli aðlögunarhópa.

Flutningur milli deilda mun fara fram strax eftir sumarfrí eða 8 og 9. ágúst. Flutningur milli deilda er í höndum starfsfólks leikskólans og tekur að jafnaði 2-3 daga og byrjar með heimsóknum milli deilda. Í ár munu öll börn nema tvö af Lóudeild flytjast yfir á Spóadeild, Spóadeildar börnin munu öll nema fimm flytjast yfir á Ugludeild og Krummadeild mun bæta við sig þremur nýjum börnum.

5.2 Sérkennsla

Taka þarf sérstakt tillit til þeirra barna sem þurfa á sérkennslu að halda vegna fötlunar, þroskafrávika eða félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika. Ávallt verður að gæta þess að jafnvægi og jafnrétti ríki í barnahópnum og í samskiptum barnanna. Sérkennslan er miðuð út frá hverju barni fyrir sig og fer hún að mestu leiti fram innan barnahópsins. Lögð er áhersla á gott samstarf við foreldra og að leikurinn sé virtur sem aðalnámsleið barnsins. Meginmarkmið er að jafnræði ríki meðal allra barna í öllu leikskólastarfi óháð líkamlegu og andlegu atgervi. Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslunni í leikskólanum og starfar hann með

ráðgjöfum frá skólaskrifstofunni, sálfræðingum, iðjuþjálfum og talmeinafræðingum á vegum Kópavogsbæjar.

6 Foreldrasamstarf

6.1 Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs

Í Kópahvoli er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggji á virðingu og gagnkvæmum skilningi fyrir viðhorfum og þekkingu þar sem umhyggja og velferð barnanna er höfð að leiðarljósi. Mikilvægt er að starfsmenn leikskólans og foreldrar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin. Þátttaka foreldra í skólastarfinu er mjög mikilvæg þar sem foreldrar bera megin ábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólinn er viðbót við uppeldi foreldra en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess.

6.2 Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskólans og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraráð er skipað þremur foreldrum ásamt leikskólastjóra. Starfsreglur og fundagerðir foreldraráðs eru birtar á heimasíðu leikskólans.

6.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann, en eru sérstaklega boðnir í jólaglód fyrir jólin, bóndadagskaffi, konudagskaffi, opið hús í maí og sumarhátíð. Foreldrar taka einnig þátt í að aðstoða við hina ýmsu viðburði í leikskólanum.

6.4 Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Mikilvægt er að foreldrar séu vel upplýstir um starf leikskólans og vinnu barna sinna.

- Nýjum foreldrum er sendur upplýsinga póstur um leikskólann og starfsemi hans.
- Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna er ávallt í maí hvert ár. Þeir foreldrar sem ekki geta nýtt sér fundin koma í viðtal til deildarstjóra eða leikskólastjóra.
- Foreldrasamtöl eru skipulögð einu sinni á ári, en foreldrar geta óskað eftir fleirum.
- Aðlögunarsamtöl eru í nóvember fyrir nýja foreldra.
- Fundur fyrir foreldra um skipulag vetrarins er í september ár hvert.
- Haldnir eru fundir með foreldrum, kennurum, sérkennslustjóra og öðrum fagaðilum þegar þess er þörf.
- Heimasíða, tölvupóstur og upplýsingatafla í fataherbergi eru nýtt til upplýsingamiðlunar til foreldra.

6.5 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og fundar nokkrum sinnum yfir árið. Stjórn foreldrafélagsins hefur tekið þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða í leikskólanum, svo sem jólaleikrit fyrir börnin, bókar gjöf í lestrarátaki, sumarhátíð og fleira. Foreldrasjóður er í leikskólanum og er hann nýttur til að greiða ýmsan kostnað við ofangreinda viðburði.

Markmið foreldrafélagsins:

- Að efla samvinnu við foreldra og kennara leikskólans.
- að efla samvinnu foreldra innbyrðis og til að tryggja hagsmuni barnanna.
- að taka þátt í ýmis konar starfssemi leikskólans og viðburðum.

- að hvetja foreldra til að taka virkan þátt í starfi leikskólans.

7 Samstarf

7.1 Samstarf við grunnskóla

Kópahvoll er í samstarfi við Kópavogsskóla. Reynt er að horfa til búsetu barnanna þegar þau eru tekinn inn í leikskólann og þá reynt að miða við að Kópavogsskóli sé sá grunnskóli sem barnið mun fara í.

Gott samtarf er við Kópavogsskóla og hefur Skólatröð einnig verið í samstarfi. Elstu börnin fara reglulega í heimsókn. Einnig er Kópahvoll í þróunarverkefni með Kópavogsskóla og Skólatröð.

7.2 Samstarf við aðra

Leikskólinn á í samstarfi við hina ýmsu aðila, s.s. leikskólafulltrúa, sérkennslufulltrúa, leikskólaráðgjafa, sálfræðinga, talmeinafræðinga, kennara, iðjubjálfa, sjúkráþjálfra, heilsugæslu, velferðasvið og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

7.3 Nemar

Kópahvoll er svo heppin að vera með tvo nema sem eru í mastersnámi í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands. Einn starfsmaður var einnig að hefja diplómanám í fræðunum. Von okkar er að enn fleiri í starfi hjá okkur leggi stund á fræðin.

8 Mat

8.1 Matsaðferðir

Í leikskólanum er starfið í stöðugri mótun og þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Ýmsir matslistar eru notaðir til að meta starfið.

Nemendur:

Hljóm2 er íslenskt aldursbundið próftæki í leikjaformi, sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) 5 ára barna. Hljóm2 er lagt fyrir að hausti ár hvert. Niðurstöður gefa vísbendingu um gengi lestrarnáms.

Tras er skráningarlisti til að fylgjast með málþroska 2 til 5 ára barna og er lagður fyrir öll börn skólans.

EFI-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. EFI-2 er staðlað á Íslandi og er ætlað til notkunar í leikskólum. Prófið er myndabók sem barnið skoðar með kennara sínum og svarar ýmsum spurningum. Svör barnsins gefa vísbendingu um hvar það er stadd í málþroskaferlinu. Út frá niðurstöðum er svo gripið til mismunandi úrræða.

Ef ofangreindar skimanir skila niðurstöðu sem þarf að rýna betur í er notast við orðaskil og íslenska þroskalistann.

Kennarar:

Starfsfólk endurmetur leikskólastarfið reglulega með ýmsum hætti. Ávallt er starfið metið á skipulagsdögum/starfsmannafundum í desember og svo aftur í maí. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári og eru upplýsingar úr þeim stamtölum nýttar við endurmat.

Foreldrar:

Foreldrar meta annað hvert ár starfsemi leikskólans. Spurningakönnun er þá send rafrænt til foreldra frá leikskólaskrifstofu. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góða vísbindingar um það hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu.

8.2 Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Endurmat fer fram á skipulagsdögum og er ávallt er farið yfir starfsáætlun í maí ár hvert og starfið endurmetið. Starfsmannasamtöl voru í maí 2019, þar var rætt um stefnu og markmið leikskólans, hvað viðkomandi getur gert til að bæta vinnustaðinn og hvað veiti starfsmanni ánægju í starfi.

Allir töldu sig vinna samkvæmt stefnu og markmiði leikskólans og geta lagt sitt af mörkum til að gera vinnustaðinn betri. Góður starfsmannahópur og börnin voru það sem veitti starfsfólki ánægju, ásamt því að vinna að ýmsum verkefnum.

Það sem kom fram að mætti vinna betur að var að vera jákvæðari, vinna betur með öðrum deildum og deila hugmyndum og verkefnum. Starfsfólk talaði um að vilja fá meiri fræðslu varðandi börn með sérkennslu og vísaði þá í endurmenntun t.d kraganámskeið.

8.3 Mat á starfsáætlun síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Að flestu leiti gekk allt eftir sem fyrir var lagt í starfsáætlun síðasta árs.

Áætlað var að hafa starfsmann sem tæki að sér markvissa hreyfingu með börnunum í sal leikskólans en það gekk því miður ekki upp vegna veikinda starfsmannsins. Hins vegar sjáum við þennan möguleika fyrir okkur og ætlum að skoða þetta frá og með áramótum 2020.

Ákveðið var að hætta að nota bílaplanið á hjóladegi barnanna og var það prufukeyrt síðasta sumar. Almenn ánægja var með það fyrirkomulag og munum við halda áfram að nýta okkur svæðið fyrir ofan leikskólann (Víghól) á hjóladeginum.

Allir starfsmenn fóru í einn kaffitíma í hádeginu síðasta vetur og gafst það vel. Höfð var kosning um það hvort starfsmenn vildu fara til baka í tvö kaffitíma eða halda áfram sama fyrirkomulagi og var mikill meirihluti sem vildi halda sig við einn kaffitíma í hádeggi.

8.4 Umbótaáætlun

Höfuð áhersla verður lögð á snemmtæka íhlutun þróunarverkefni á vegum Kópavogsbæjar í samstarfi við Ásthildi B. Snorradóttur, talað mál, mál- og læsishvetjandi umhverfi.

Lubbi finnur málbein verður ofarlega á verkefnalistanum og hvetjum við til notkunar á öllum deildum. Hvatt verður til þess að starfsmenn sækja námskeið sem auglýst eru varðandi námskeiðið.

Blær heldur áfram að vera markvisst í hópastarfi og bætast tvær yngri deildarnar við nú þegar efni fyrir þann aldur er komið.

Áfram er unnið að því að innleiða uppeldi til ábyrgðar.

Vekja áhuga á náttúru og nánasta umhverfi með tilliti til sjálfbærni. Vekja börn og starfsfólk til umhverfisvitundar með tilliti til flokkunar. Einnig erum við að leggja aukna áherslu á útikennslu og hafa verið keypt tæki og tól til þess að nýta við kennsluna. Hvatt er til gönguferða og vettvangsferða allt árið um kring.

Sinna öllum námsþáttum samkvæmt aðalnámskrá. Miða verkefni við aldur og þroska barnanna.

Nýta meira spil í starfi með börnunum og þá sérstaklega horft til snemmtækrar íhlutunar og málörvunar.

Lagt hefur verið til að allar deildir skipti börnunum í tvö hópa og hafi þá helming úti og helming inni. Þá er verið að nýta öll svæði skólans, þar sem vart hefur verið við að stundum standa heilu deildirnar auðar og finnst okkur það ekki nógu gott.

9 Öryggismál

Í Kópahvoli er starfandi öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður sem hafa lokið námskeiði hjá Vinnueftirliti Ríkisins. Einnig er starfandi áfallaráð.

9.1 Öryggisnefnd

Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður hafa eftirlit með aðbúnaði barna og starfsmanna og eru í samstarfi við vinnueftirlit og heilbrigðiseftirlit. Í öryggisnefnd sitja aðstoðarleikskólastjóri og einn starfsmaður. Nefndin hittist tvisvar á ári og fer yfir öryggisatriði er varða húsnæði og garð leikskólans.

Gert er áhættumat og aðgerðaráætlun varðandi öryggi í innra starfi leikskólans einu sinni á ári og oftar ef þörf þykir, til þess eru nýttir vinnuumhverfisvísar frá Vinnueftirlitinu.

Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf úti eða inni um leið og þeir verða þess varir. Öryggisnefnd bregst eins fljótt við og mögulegt er og hefur samband við þá aðila sem sjá um úrbætur.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, vinnueftirlitið, heilbrigðiseftirlitið og eftirlitsmaður lóða gera úttekt einu sinni á ári. Einnig eru öryggislýsingar og slökkvitæki yfirfarin einu sinni á ári. Leikskólastjóri og yfirmaður fasteigna fá niðurstöður úttekta og bregðast við ef þörf þykir.

Eftirlitsmaður lóða gerði úttekt vegna girðingar og ástand lóðar sem enn er verið að vinna að lagfæringu.

9.2 Áfallaráð

Áfallaráð, sem sitja í leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og einn deildarstjóri, kemur saman einu sinni á ári. Markmið áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barns og/eða starfsmanna vegna slys, sorgar eða einelti.

Áfallaráð hefur meðal annars til hliðsjónar jafnréttisáætlun Kópavogs og áætlun gegn einelti. Ef upp koma mál sem áfallaráð vinnur með hittist ráðið eins oft og þurfa þykir.

9.3 Innra eftirlit

Á hverjum degi er farið yfir leiksvæði barnanna úti og inni og kannað hvort allt sé í lagi og það skráð á þar til gerð eyðublöð. Haft er samband við fagaðila til að sinna viðgerðum og viðhaldi eftir því sem þörf er á hverju sinni. Tvisvar sinnum á ári eru brunabjöllurnar settar af stað og börnin læra að fara að næstu merktu útgönguleið og starfsfólkið æfist í að fara eftir brunaáætlun leikskólans.

9.4 Slys

Tvö slys eru skráð síðastliðið starfsár, bæði áttu sér stað á leikskólalóðinni. Annað slysið varð þegar barn var á gangi á göngustíg niður brekku og hrasaði um sjálft sig. Hitt slysið átti sér stað í lítilli rennibraut, þar sem annað barn ýtti við barninu með þeim afleiðingum að barnið datt fram fyrir sig niður rennibrautinni og hlaut högg á andlit og tennur.

10 Lokaorð

Síðastliðið starfsár gekk vel og sjáum við öra breytingu á starfinu. Þó nokkrar breytingar hafa verið gerðar á húsnæði síðan undirrituð tók við. Starfsmannahópurinn eflist og með nýju fólki koma nýjar áherslur sem þykir af hinu góða. Við hlökkum til að takast á við komandi starfsár og halda upp á 50 ára afmæli leikskólans í maí 2020.

